

Samtök smáframleiðenda matvæla

Framvinduskýrsla til Matarauðs Íslands

30. september 2020

Samtökin voru stofnuð á Hótel Sögu þann 5. nóvember 2019 eftir um hálfis árs undirbúningsferli. Fundargerð stofnfundar má finna [hér](#).

MARKMIÐ OG TILGANGUR

<https://ssfm.is/tilgangur.php>

Markmið

Stuðla að öflugra samstarfi og auknum samtakamætti smáframleiðenda matvæla um land allt.

Stuðla að kraftmikilli nýsköpun og fjölbreyttu úrvali hágæða matvæla, þar sem áhersla er á notkun innlendra hráefna, aukinn fjölbreytileika og verðmætasköpun, þróun nýrra og verðmætari vara og þjónustu úr vannýttum hráefnum, draga úr kolefnisspori, auka sjálfbærni og fjölga atvinnutækifærum.

Tilgangur

Vinna að hagsmunamálum smáframleiðenda matvæla á öllum sviðum, vera málsvari þeirra og stuðla að framförum í mállefnum sem þá varða, þar með talið er varðar vöxt og aðgengi að mörkuðum, lágmarkun kolefnisspors og samfélagslegum áhrifum starfsemi þeirra.

Koma sjónarmiðum og hagsmunamálum félagsmanna á framfæri, vinna að því að starfsumhverfi og löggjöf utan um smáframleiðendur gefi þeim færi á að blómstra, leiðbeina félagsmönnum varðandi ráðgjöf og stuðning, skipuleggja viðburði, kynna félagsmenn og það úrval sem í boði er.

Yfirlit yfir stefnumótandi markmið og lykil verkefni samtakanna má finna hér:

<https://drive.google.com/file/d/1n8e6j3DgauBUd-hl7Gz0yfSAjskjqGsa/view>

STJÓRN

<https://ssfm.is/stjorn.php>

- Karen Jónsdóttir, formaður (Kaja Organic, Café Kaja og Matarbúr Kaju)
- Svava Hrönn Guðmundsdóttir, varaformaður (Sólakur / SVAVA)
- Ólafur Loftsson, meðstjórnandi (Súrkál fyrir sælkeru)
- Þórhildur M. Jónsdóttir, meðstjórnandi (Kokkhús og Vörusmiðja BioPol)
- Þröstur Heiðar Erlingsson, meðstjórnandi (Birkihlíð Kjötvinnsla)

VARASTJÓRN

- Guðný Harðardóttir, 1. varamaður (Breiðdalsbiti)
- Auður B. Ólafsdóttir, 2. varamaður (Pönnukökuvagninn)

Í ágúst urðu stólaskipti hjá Guðnýju Harðardóttur og Ólafi Loftssyni.



FRAMKVÆMDASTJÓRI

Oddný Anna Björnsdóttir, sjálfstæður ráðgjafi (Geislar Gautavík)
ssfm@ssfm.is

Framkvæmdastjóri var ráðinn í lok nóvember og tók formlega til starfa 2. desember 2019. Samkvæmt verktakasamningi á hann að leggja að jafnaði að lágmarki 40 klst. á mánuði í vinnu fyrir samtökin fyrir 300.000 kr. án vsk á mánuði, en fær greitt aukalega fyrir sértæk verkefni tengd samstarfssamningum, samtals 241.935 kr. án vsk hingað til.
Framkvæmdastjóri hefur lagt að jafnaði 100 klst. á mánuði í vinnu fyrir samtökin og er til taks fyrir verkefni, félagsmenn og aðrar fyrirspurnir óháð vikudegi eða tíma dags.

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Ragnheiður Héðinsdóttir, 1. skoðunarmaður
Hólmfríður Sveinsdóttir, 2. skoðunarmaður

STOFNSAMÞYKKTIR

Á vef samtakanna eru stofnsamþykktirnar sem voru samþykktar á stofnfundi samtakanna.
<https://ssfm.is/stofnsamthykkir.php>

FYRIRTÆKJASKRÁ

Samtökin voru skráð hjá Ríkisskattstjóra og fengu kennitöluna 561219-2140. Aðsetur þeirra er hjá Samtökum iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík. Þau eru ekki vsk-skyld.
<https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/leit/kennitala/5612192140>

VIÐSKIPTABANKI

Viðskiptabanki samtakanna er Landsbankinn.
Reikningsnúmer samtakanna er 133-26-201068.

TEKJUR OG GJÖLD

Staða á reikningi 30/9: 3.642.989 kr.

Tekjur: 7.495.879 kr.

Þar af félagsgjöld fyrir **fulla aðild**: 793.718 kr.

Þar af félagsgjöld fyrir **aukaaðild**: 201.261 kr.

Útistandandi 2.000.000 kr. tengt samstarfssamningum.

Gjöld: 3.852.890 kr.

AÐILDARGJÖLD 2020

Full aðild: 10.000 kr.

Aukaaðild: 5.000 kr.

Engin aðildargjöld eru í vanskilum.

UMSÓKN UM AÐILD

Senda tölvupóst á ssfm@ssfm.is, fylla út skráningareyðublað á vef samtakanna eða hafa beint samband við framkvæmdastjóra í gegnum FB Messenger eða síma: <https://ssfm.is/skraning.php>



FULL AÐILD

Felur í sér réttindi og skyldur samkvæmt [stofnsamþykktum](#). Í þeim er smáframleiðandi skilgreindur á eftirfarandi hátt: <https://ssfm.is/skraning>

Þann 30 september voru 84 með fulla aðild og bætast nýir í hópinn í hverri viku.

<https://ssfm.is/felagsmenn.php>

AUKAÐILD

Fyrir þá sem styðja markmið samtakanna, uppfylla ekki þau skilyrði að vera smáframleiðandi, en vilja styðja þau í verki.

Þann 30. september voru 40 með aukaaðild.

<https://ssfm.is/aukaadilar.php>

RÁÐGJAFARÁÐ

Einstaklingar með þekkingu og reynslu á sviði samtakanna sem eru tilbúnir til að nýta hana til að veita stjórn og framkvæmdastjóra ráð og stuðning sitja í ráðgjafaráði.

Þann 30. september sátu 33 í ráðgjafaráði.

<https://ssfm.is/radgjafarad.php>

Framkvæmdastjóri hefur reglulega samband við einstaklinga í ráðgjafaráði til að ræða málin, fá upplýsingar og endurgjöf á hugmyndir og verkefni.

Samtök smáframleiðenda matvæla

Um samtökin Fróðleikur Skráning Félagsmenn EN

Stuðlum að öflugra samstarfi og auknum samtakamætti

smáframleiðenda matvæla um land allt

Vinnum að hagsmunamálum smáframleiðenda matvæla á öllum sviðum erum málsvari þeirra og stuðlum að framförum í mállefnum sem þá varða

Söluleiðir Matarhandverk Facebook



Helstu verkefni

Styrktar- og samstarfssamningar

<https://ssfm.is/styrktaradilar>

Matarauður Íslands er bakhjarl samtakanna. Hann veitti samtökunum 4.500.000 kr. styrk rétt eftir stofnun. 4m voru greiddar út í desember 2019 en 500þ verða greiddar eftir skil þessarar framvinduskýrslu. Án þess styrks sem og stuðningsins í undirbúningsferlinu og þeirra verkefna sem voru unnin á vegum MÍ sem leiddu þörfina í ljós, hefðu samtökin aldrei komist á koppinn. <https://matarauður.is/matarauður-er-stoltur-bakhjarl-samtaka-smaframleidanda-matvæla/>
Matarhandverk: Matarauður Íslands og Samtök smáframleiðenda matvæla gerðu einnig með sér samning upp á 1.050.000 kr. um að festa matarhandverk og matarhandverkskeppnir í sessi í þeim tilgangi að efla skilning á verðmæti matarhandverks og menningarlegri sérstöðu. Stjórn hefur fundað fimm sinnum um málið, átt fjölmörg samtöl sína á milli og fengið endurgjöf frá fagaðilum, sérfræðingum, framleiðendum og neytendum. Verkefnið er því í ferli.

Landbúnaðarklasinn er einnig bakhjarl samtakanna. Stjórn samþykkti árið 2019 að veita þeim 1.000.000 kr. í styrk sem var mikilvægt framlag til að stuðla að því að samtökin gætu fjármagnað sig fyrsta starfsárið. Eins studdi stjórn framkvæmdastjóra í undirbúningsferlinu sem sat þá í stjórn klasans. Styrkurinn hefur þegar verið greiddur að fullu, í þremur greiðslum.

<https://www.landbunadarklasinn.is/>

Framkvæmdastjóri sat stjórnarfund í byrjun september sem var tileinkaður samtökunum. Á honum fór hún ítarlega yfir verkefni samtakanna og hvað hefði áunnist og svaraði fjölmörgum spurningum stjórnarmanna. Samdóma álit var að þau voru afar sáttt við framganginn.

Krónan: Matarbúr: Hnossgæti fyrir íslenska smáframleiðendur.

Lang umfangsmesta og tímafrekasta verkefni samtakanna til þessa fyrir utan vefinn.

Hlutverk samtakanna/framkvæmdastjóra er að vera milliliðurinn á milli Krónunnar og smáframleiðendanna og taka þátt í að móta og þróa verkefnið.

Krónan hefur greitt samtökunum 300.000 kr. fyrir vinnuframlag framkvæmdastjóra og 100.000 kr. í beinan styrk. Krónan mun greiða framkvæmdastjóra fyrir áframhaldandi vinnu en um það á eftir að semja. Umfjöllun á [FB síða SSFM](#), umfjöllun á [FB síðu Krónunnar](#) og [útlagsauglýsing](#).

<https://kronan.is/>

Kjörbúðin: Þjóða og merkja sérstaklega staðbundnar vörur í völdum verslunum um land allt. Ekki farið af stað nema á Djúpvogi sem var ekki í gegnum samtökin og tengist [Cittaslow](#).

Framkvæmdastjóri milliliður á milli smáframleiðenda og Kjörbúðanna og taka þátt í að þróa og móta verkefnið. Samkaup hefur þegar greitt samtökunum 300.000 kr. Þó verkefnið sé ekki hafið.

<https://kjobudin.is/>

Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi: Breyttist vegna covid. Uppfærður samningur og verkáætlun í vinnslu. Samningurinn hljóðar upp á 1.500.000 kr. fyrir útlagða vinnu og kostnað.



Samtök iðnaðarins: Full aðild að samtökunum felur í sér aðild að Samtökum iðnaðarins (SI) og í gegnum þau Samtök atvinnulífsins (SA) og fer viðskiptastjóri framleiðsluviðs SI með málefni samtakanna. <http://si.is/>

Framkvæmdastjóri SSFM er í reglulegum samskiptum við viðskiptastjóra SI, Gunnar Sigurðarson, í tengslum við allskyns mál. Í tölvupósti frá viðskiptastjóra frá 18. september 2020 segir:

„En annars góða helgi og ég get ekki annað sagt en að ég sé gríðarlega stoltur af því hvernig félagið ykkar hefur tekið sér stöðu á þeim stutta tíma frá því það var stofnað. Það er sama hvert litið er, stefnumótun stjórnvalda, í matvörubúðum, í umræðunni ... alltaf má búast við því að sjá SSFM nefnt á nafn. Það er árangur sem öll nýstofnuð félag óska sér, en einungis þau allra bestu ná.“

Vefur

Gerð heimasíðu fyrir samtökin sem er í stöðugri þróun.

<https://ssfm.is/>

Fyrir uppsetningu síðunnar hafa samtökin greitt fyrirtæki nemans Júlíusar Guðna, Extis, 80.000 kr.

Að auki sér Extis um hýsingu (498 kr./mán) og email (875 kr./mán).

<https://ext.is/>

Læst svæði fyrir félagsmenn á vef: Þar inni eru nánari upplýsingar um afsláttarkjör, tilboð, samstarfssamninga og annað sem ekki á heima á opnum vef.

<https://ssfm.is/afslattarkjor>

Firmamerki

Neminn Sóley Lee Tómasdóttir hannaði lógóið fyrir 80.000 kr. og er það eign samtakanna.

<https://ssfm.is/midlar>

Facebook **hópur** (lokaður/private)

Allir smáframleiðendur (hvort sem þeir eru meðlimir eða ekki) sem og þeir sem tilheyra stuðningsneti smáframleiðenda, eru velkomnir í þennan hóp. Hann er hugsaður sem upplýsinga/fréttaveita fyrir félagsmenn og stuðningsnetið og samskiptavettvangur.

Daglega u.þ.b. er sett inn færsla með upplýsingum um einn félagsmann og það sem hann hefur að bjóða ásamt myndum. Markmiðið er að félagsmenn gerir sé betur grein fyrir því hverjir hinir félagsmennirnir eru og kynnist þeim betur. Með því stuðla að auknu samstarfi og samtakamætti.

Facebook **síða** (opin/public)

„Like síða“ samtakanna er öllum opin. Inn á hana geta félagsmenn sett upplýsingar um sig og sínar vörur sem og aðrar upplýsingar sem eiga erindi til neytenda, eins og um matarmarkaði og viðburði.

Daglega u.þ.b. er sett inn færsla með upplýsingum um einn félagsmann, það sem hann hefur að bjóða, hvernig hægt sé að nálgast/panta vöruna ásamt myndum. Hver færsla er „boostuð“ um 900 kr.

Fjölga félagsmönnum

Hafa samband við smáframleiðendur um land allt og þá sem tilheyra hinu svokallaða stuðningsneti smáframleiðenda, kynna samtökin fyrir þeim og bjóða þeim aðild. Ef þeir samþykkja það eru þeir skráðir á listann yfir aðildarfélög, þeim bætt á póstlista, upplýsingar um þá ásamt lógói sett inn á vefinn og reikningur sendur á þá fyrir aðildargjöldum.

<https://ssfm.is/felagsmenn> og <https://ssfm.is/aukaadilar>

Flestir sem haft er samband við ákveða að ganga í samtökin. Nú samtals 124.



Söluleiðir

Á vef samtakanna er listi yfir söluleiðir sérstaklega þróaðar fyrir smáframleiðendur.

<https://ssfm.is/soluleidir>

Afsláttarkjör og tilboð

Leitað eftir góðum afsláttarkjörum og tilboðum frá þeim aðilum sem félagsmenn eiga gjarnan viðskipti við. Lista yfir þá er á vef samtakanna og nánari upplýsingar á læstu svæði fyrir félagsmenn.

<https://ssfm.is/afslattarkjor>

Póstlisti

Framkvæmdastjóri sendir félagsmönnum með fulla aðild reglulega tölvupósta tengt verkefnum sem verið er að vinna, með spurningum til félagsmanna, fréttum og öðru markverðu. Einstaka sinnum fá félagsmenn með aukaaðild póstana, en yfirleitt á efni þeirra eingöngu við félagsmenn með fulla aðild. Langmestu samskiptin fara þó fram í gegnum FB Messenger.

Samskipti við félagsmenn

Framkvæmdastjóri á í samskiptum við félagsmenn daglega í gegnum Messenger, síma og tölvupóst. Hann veitir ráð, leiðbeinir, sendir og kallar eftir upplýsingum í tengslum við samstarfssamninga og verkefni o.s.frv. Framkvæmdastjóri fær reglulega jákvæða endurgjöf tengda starfi samtakanna frá félagsmönnum.

Tengslanet

Reglulega er haft samband við framkvæmdastjóra af fólki sem þarf að komast í samband við smáframleiðendur, hafa eitthvað að bjóða þeim, eru að skapa eitthvað sérstaklega fyrir þá eða vantar upplýsingar. Samtökin eru vettvangur fyrir slíkt sem hefur gefið góða raun.

Umsagnir

Samtökin hafa ekki sent inn umsögn um frumvarp, þingsályktunartillögu eða annað slíkt hingað til en hafa verið beðin um að senda inn umsögn um tvö mál og er skilafrestur í október.

Styrkumsóknir

Reglulega er haft samband við samtökin og þau beðin um að vera samstarfsaðilar á umsóknum um styrki. Ef umsóknin er í takt við markmið og tilgang samtakanna er það samþykkt.

Sjóðir

Félagsmönnum er bent á þá sjóði sem þeir geta sótt í gegnum tölvupóst og FB hópinn. Formaður mætti sem dæmi á kynningarfund um Matvælasjóð f.h. samtakanna. Aðrir fylgdust með í gegnum vefinn.

Kynning á samtökunum

Reglulega er framkvæmdastjóri beðinn um að kynna samtökin fyrir tilteknum hópi fólks og tekur alltaf vel í það. Hún setti upp almenna kynningu á samtökunum í byrjun árs til að nota sem grunn þegar beðið er um kynningu á þeim. Upp á síðkastið hefur hún aðallega notast við vefinn þegar samtökin eru kynnt.

Fjölmiðlaumfjöllun

Fjölmiðlar hafa sýnt samtökunum áhuga og tekur framkvæmdastjóri ávallt vel í beiðnir um viðtöl. Stjórnarmenn fara einnig í viðtöl reglulega, tengt sínum fyrirtækjum og verkefnum eins og örsláturhúsamálinu.

<https://ssfm.is/umfjollun>



Fundir

Fyrsti aðalfundur samtakanna var haldinn 21. apríl 2020 í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom. Stjórn og frkvstj. funda reglulega og hafa þess á milli samskipti í gegnum síma, tölvupóst og Messenger. <https://ssfm.is/vidburdir>

Mótun landbúnaðarstefnu: Framkvæmdastjóri hefur verið boðaður á fund verkefnisstjórnar f.h. samtakanna og fleiri málefna 30. september 2020. <https://www.facebook.com/groups/2380862295316821/permalink/3417076295028744/>

Regluverk

Heimaslátrun sauðfjár: Samtökin hafa beitt sér í svokölluðu örsláturhúsamáli. Tveir stjórnarmenn, Þröstur Heiðar Erlingsson og Guðný Harðardóttir, eru í svokölluðum aðgerðahópi bænda sem hafa haldið utan um það verkefni. Nýskipaður verkefnastjóri þess verkefnis, Hólmfríður Sveinsdóttir, situr í ráðgjafaráði samtakanna. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/09/18/God-thatttaka-i-tilraunaverkefni-um-heimaslatrun-sauidfjar>

Lítill fiskeldi á lögbýlum: Framkvæmdastjóri hefur spurst fyrir um hvers vegna lítill fiskeldi á lögbýlum falli ekki undir hina svokölluðu smáræðisreglugerð í tengslum við mál félagsmanns. Svar Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins var að um fiskeldið gildi sér lög nr. 71/2008, um fiskeldi, með síðari breytingum og reglugerð nr. 540/2020 með síðari breytingum. Smáræðisreglugerðin væri sett á grundvelli laga nr. 93/1995, um matvæli, ekki á grundvelli fiskeldislaga. <https://www.facebook.com/groups/2380862295316821/permalink/3425751420827898/> Í framhaldinu sendi framkvæmdastjóri fyrirspurn á Eldrimner varðandi þær reglur sem gilda í Svíþjóð og Finnlandi. Svar barst 29.09. Haldið verður áfram með málið.

Oddný Anna Björnsdóttir
Framkvæmdastjóri
Gautavík
30. september 2020

